

15. SEPTEMBER
2022

HARPA
ELDBORG

Dísella og Danzmayr

GUL TÓNLEIKARÖÐ



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

Velkomin

Vinsamlegast hafið slökkt
á farsímum meðan á
tónleikum stendur.

Tónleikagestir eru beðnir um
að klappa aðeins í lok tónverks.

Tímalengd verka:

Þrír staðir í Nýja-Englandi 20'
Ich ich liebte, war so glücklich 5'
Glitter and Be Gay 7'
Sinfónía nr. 9 50'

Tónleikarnir eru teknir upp og sendir beint út á Rás 1.

Upptökur með Sinfóníuhljómsveit Íslands má finna á YouTube
og Spotify-rásum hljómsveitarinnar. Á Spotify má einnig finna
lagalista með allri tónlist starfsársins.

Dísella og Danzmayr

TÓNLEIKAR Í ELDBORG

Sinfóníuhljómsveit Íslands

David Danzmayr
Hljómsveitarstjóri

Dísella Lárusdóttir
Einsöngvari

Charles Ives

Þrír staðir í Nýja-Englandi (1914;1935)
Saint Gaudens í Boston Common (Shaw hershöfðingi og hörundsdökka herdeildin hans)
Herbúðir Putnams, Redding, Connecticut
Housatonic-á við Stockbridge

Wolfgang Amadeus Mozart

Ach Ich ich liebte, war so glücklich, aría úr úr Brottnáminu úr kvennabúrinu (1782)

Leonard Bernstein

Glitter and be Gay, aría úr Candide (1956)

HÍÉ

Antonín Dvořák

Sinfónía nr. 9 „Úr nýja-heiminum“ (1893)
Adagio – Allegro molto
Largo
Molto vivace
Allegro con fuoco

For information in English about tonight's programme, please visit the Icelandic Symphony Orchestra's website: en.sinfonia.is



David Danzmayr

HLJÓMSVEITARSTJÓRI

Austurríski hljómsveitarstjórinn David Danzmayr er aðalstjórnandi Sinfóníuhljómsveitarinnar í Oregonríki í Bandaríkjunum og heiðursstjórnandi Sinfóníuhljómsveitarinnar í Zagreb, þar sem hann var áður aðalhljómsveitarstjóri. Hann stundaði nám í píanóleik og hljómsveitarstjórn við Mozarteum tónlistarháskólann í Salzburg og útskrifaðist þaðan með láði. Hann hlaut síðar styrk Gustav Mahler-æskuhljómsveitarinnar til náms hjá Claudio Abbado og Pierre Boulez og nam einnig hjá Leif Segerstam við Sibeliusarakademíuna í Helsinki. Danzmayr vann til verðlauna í alþjóðlegu hljómsveitarstjórakeppninni sem kennd er við rússneska hljómsveitarstjórnann Nikolai Malko og komst einnig í úrslit í Georg Solti-keppninni í Chicago.

Danzmayr var um þriggja ára skeið aðstoðarhljómsveitarstjóri Skosku þjóðarhljómsveitarinnar í Glasgow og stjórnaði hljómsveitinni á tímabilinu oftast en 70 sinnum víða um Skotland, m.a. á hinni þekktu St. Magnus-tónlistarhátíð á Orkneyjum. Hann hefur síðan verið fastur geststjórnandi hljómsveitarinnar auk þess að stjórna mörgum öðrum þekktum hljómsveitum austanhafs og vestan, en ferill hans í Bandaríkjunum hefur staðið með miklum blóma síðustu ár, en áður en hann tók við stöðu sinni í Oregon var hann aðalhljómsveitarstjóri Fílharmóníusveitar Illinoisríkis í Chicago, þar sem hann naut mikillar velgengni og lagði sig meðal annars fram um að hafa bandarísk verk á efnisskrá hverra tónleika.

Meðal hljómsveita vestra sem hann hefur stjórnað við góðan orðstír síðustu ár má nefna sinfóníuhljómsveitirnar í Minnesota og Indianapolis, Detroit, Houston, Norður-Karólínu og Sandiego, en í Evrópu mætti nefna City of Birmingham Symphony Orchestra, Sinfóníuhljómsveitinni í Basel, Mozarteumhljómsveitinni í Salzburg, hljómsveit Skosku óperunnar og Bruckner Orchester Linz.



Dísella Lárusdóttir

EINSÖNGVARI

Dísella Lárusdóttir hefur unnið hvern listrænan sigurinn á fætur öðrum að undanfögnu sem söngkona við Metrópólitan-óperuna í New York. Söngur hennar hefur hlotið mikið lof gagnrýnenda, til að mynda í stórblaðinu New York Times sem hrósaði henni fyrir fádæma nákvæmni í bland við magnaða túlkun í hlutverki sínu sem Tye drottning í uppsetningu Phelims McDermott á óperu Philips Glass, Akhnaten. Síðasta vor hlaut Dísella einmitt hin virtu Grammy-verðlaun ásamt félögum sínum úr uppsetningunni fyrir bestu óperuhljóðritun síðasta árs.

Dísella þreytti frumraun sína hjá Metrópólitan í mars 2013 en síðan þá hefur hún sungið í liðlega 10 uppsetningum og hafa þrjár þeirra, Francesca da Rimini eftir Riccardo Zandonai, Rusalka eftir Antonin Dvorák og Marnie eftir Nico Muhly ratað í beinni útsendingu í kvikmyndahús um allan heim. Veturinn 2019-20, eða áður en heimsfaraldur setti starf óperuhúsa víða um heim úr skorðum, söng hún fjölbreytt hlutverk við Metrópólitan – þar með talið Giannettu í Ástardrykknum eftir Donizetti, Papagenu í Töfraflautu Mozarts og Woglinde í Götterdämmerung eftir Wagner, auk áðurnefndrar uppsetningar á Akhnaten Philips Glass.

Dísella hefur einnig látið til sín taka á óperusviðinu í Evrópu á síðustu árum en frumraun hennar á meginlandinu var í óperu Albans Berg, Lulu, í Róm 2017. Dísella hefur víða komið fram sem einsöngvari á tónleikasviði, meðal annars í Carnegie Hall í New York, Disney Hall í Los Angeles ásamt fjölda tónlistarhátíða í Bandaríkjunum.



Charles Ives

ÞRÍR STAÐIR Í NÝJA-ENGLANDI

Þótt tónsmíðar Charles Ives (1874-1954) hafi farið lágt framan af – meðan hann starfaði sem virðulegur forstjóri tryggingafyrirtækisins *Ives & Myrick* – voru tónsmíðahugmyndir hans nánast byltingarkenndar. Hann var áratugum á undan samtímamönnum sínum í kerfisbundinni notkun á tilraunakenndum tónsmíða-aðferðum: klippi- og slembiaðferðum, notkun kvarttóna og hljómaklasa, og því að láta ólíkar takt- og tóntegundir hljóma á sama tíma. Tónlistaráhugi Ives átti sér líka djúpar rætur. Faðir hans var tónlistarkennari og lúðrasveitarstjóri í smábæ í Connecticut-fylki og sjálfur vann hann sem kirkjuorganisti í heimabæ sínum frá 12 ára aldri. Mörg verka hans fela þannig í sér úrvinnslu á bandarískum tónlistararfi þótt framsetningarmátinn hafi verið nýr.

Verkið *Þrír staðir í Nýja-Englandi*, sem stundum er kallað *Nýja-Englandssinfónían*, var samið á fyrstu árum tuttugustu aldar en ekki gefið út í endanlegri mynd fyrr en 1935. Það er eins og nafnið gefur til kynna í þremur þáttum en hver þeirra hverfist um stað á æskustöðvum tónskáldsins í Nýja Englandi. Hér koma fyrir mörg af höfuðeinkennum tónskáldsins: Stundum hljóma ólíkar tónstemningar á sama tíma svo úr verður afar forvitni- legur og framandlegur samhljómur, einskonar lifandi tónumhverfi.

Í fyrsta þættinum, *Saint Gaudens í Boston Common*, er vísað til minnismerkis um atburði borgarastyrjaldar Bandaríkjanna í almenningsgarðinum Boston Common. Minnismerkið sýnir Shaw hershöfðingja og herdeild hans innan hers sambandssinna, en hún var aðeins skipuð svörtum bandaríkjamönnum. Shaw, sem meðal annars hafði barist fyrir því að hermennirnir svörtu nyttu sömu kjara og hvítir stallbræður þeirra, lést í orrustu við aðskilnaðarsinna í suðri. Í texta sem fylgir þættinum lýsir Ives draumkenndri sýn – svipir látinna hermanna marsera

Þrír staðir í Nýja-Englandi hefur ekki hljómað oft á tónleikum hjá Sinfóníuhljómsveit Íslands – en þó má til dæmis nefna flutning verksins undir stjórn skoska tónskáldsins og hljómsveitarstjórans James McMillan í febrúar 2001, en á sömu tónleikum lék Raphael Wallfisch sellókonert McMillans auk þess sem þriðja sinfónía Johns Speight fékk að hljóma.

af festu yfir holt og hæðir. Mishæðótt landslagið og breyti-
legur gönguhraði hermannanna ratar inn í tónlistina. Það
gera reyndar líka lagstúfar úr þrælastríðinu sem faðir
Charles Ives mun gjarnan hafa raulað fyrir munni sér.

Í öðrum þætti, *Herbúðir Putnams, Redding, Connecticut*,
bregður fyrir ungum pilti sem röltir út úr mannþrönginni á
hátíðahöldum á þjóðhátíðardegi Bandaríkjamanna, heldur
út á akur og hallar sér í grasið, grunlaus um að einmitt þar
hafi hermenn í frelsisstríðið Bandaríkjana haft vetursetu.
Hann dreymir þætti úr stríðinu, laglínur liðinna átaka – en
vaknar svo með harmkvælum og snýr aftur til veisluhalda
dagsins.

Í lokapættinum kallar Ives fram *Housatonic-á við
Stockbridge* og rifjar upp þegar hann og konan hans,
Harmony, gengu meðfram Housatonic-ánni og hlýddu á
óminn af sálmasöng sem barst úr kirkju handan hennar.
Í þessum lokapætti heyrast slitur úr sálnum sem Ives
spilaði sjálfur á æskuárum sínum sem kirkjuorganisti.



Þótt Brottnámið úr kvennabúrinu sé með vinsælustu óperum Mozarts hefur hún ekki oft verið sett upp á Íslandi. Hún rataði fyrst á fjalimar á Íslandi í uppfærslu Nýja tónlistarskólans vorið 1984, en óperan var svo sett upp af Íslensku óperunni haustið 2006.

Wolfgang Amadeus Mozart

ACH ICH LIEBTE, WAR SO GLÜCKLICH, ARÍA ÚR BROTTNÁMIN ÚR KVENNABÚRINU

Wolfgang Amadeus Mozart (1756-1791) samdi *Brottnámið úr kvennabúrinu* 25 ára gamall að ósk Jósefs II Austurríkiskeisara. Mozart var þá nýfluttur til Vínborgar, sloppinn undan hinni þungu verndarhendi föður síns og tilbúinn til að takast á við ný tækifæri. Í verkinu má segja að stefnumót tveggja menningarheima sé í forgrunni. Evrópskum ríkjum hafði stafað ógn af Ottómanveldinu um aldir en herir þess höfðu til að mynda gert tvær tilraunir til að leggja undir sig Vínborg og hafði seinna umsátrið varað í tvo mánuði árið 1683. Þegar hér var komið sögu var ógnin þó orðin nógu fjarlæg til þess að tyrknesk menning kæmist beinlínis í tísku meðal Vínbúa sem umgengust hana af nokkurri léttúð: Þeir létu mála af sér portrett í tyrkneskum klæðum, supu á tyrknesku kaffi og gleyptu í sig æsandi skáldsögur um evrópskar aðalsmeyjar sem seldar voru í tyrknesk kvennabúr.

Ein slík skáldsaga, *Belmont og Constanza* eftir Christoph Friedrich Bretzner, lá einmitt að baki leiktextanum að *Brottnáminu úr kvennabúrinu*. Óperan er í léttum dúr þótt umfjöllunarefnið gæti gefið tilefni til annars: Hún segir af tilraunum hetjunnar Belmonts til að bjarga heitmey sinni Constönzu úr kvennabúri ottómanska aðalsmannsins Selims. Þrátt fyrir gamansaman heildarsvip óperunnar er aría Constönzu, *Ach ich liebte, war so glücklich*, full af djúpum harmi og eftirsjá til jafns við fimleg stökk og glæsilegt skraut.

Brottnámið sló rækilega í gegn strax á frumsýninu (jafnvel þótt keisaranum hafi að sögn þótt nóturnar heldur margar). Skömmu síðar gekk svo Mozart sjálfur að eiga sína eigin Constönzu í Vínborg og í hönd fóru skammvinnir en gjöfulir hamingjutímar í lífi hans.



Leonard Bernstein

GLITTER AND BE GAY, ARÍA ÚR CANDIDE

Bandaríska tónskáldið Leonard Bernstein (1918-1990) lítur til gamla heimsins í óperettu sinni *Candide*, en hún er byggð á samnefndri nývelli franska upplýsingarhöfundarins Voltaires. Íslendingar þekkja verkið og samnefnda söguhetju þess undir nafninu *Birtíngur* í öndvegispýðingu Halldórs Laxness. Verkið er háðsádeila sem fylgir hinum unga og bláeyga Birtíngi um veröldina í leit að glataðri ást sinni, aðalsmeynni Kúnígúnd. Hann lendir í margvíslegum raunum og það sem ber fyrir augu er ekki allt fallett. Ekki er laust við að sú lífsafstaða unga mannsins sem kennari hans Altúnga hefur innrætt honum – að allt fari „á besta veg í hinum allra besta heimi“ – bíði hnekki við og við.

Þegar hér er komið sögu hefur hin glysgjarna Kúnígúnd ratað í miklar ógöngur í lífinu – hún neyðist til þess að lifa sem frilla tveggja framámanna í þjóðlífinu. Allt er þetta mikil ógæfa – nema ef vera skyldu glæsilegir skartgripirnir, loðfeldirnir og kampavínið sem fylgir hinum nýja lífsstíl. Hinn glæsilegi, hávirtúósíski og útflúraði söngur hennar, *Glitter and be gay*, er uppfullur af margræðni: Í senn harmkvein konu sem tapað hefur sæmd sinni og grátbroslegur lofsöngur um lystisemdir lífsins.

Óperetta Bernsteins fékk heldur dræmar móttökur á Broadway þegar verkið var frumsýnt 1956, en verkið var aftur sett á svið 1974 eftir miklar endurbætur, sló þá í gegn og nýtur enn mikilla vinsælda um heim allan.

Arían *Glitter and Be Gay* hefur oft hljómað ein og sér á tónleikum hérlendis, enda ein þekktasta arían úr óperettu Bernsteins. Hún stendur fyllilega fyrir sínu ein og stök, auk þess sem hún gefur sópransöngkonunni færi á að sýna færni sína jafnt í tæknilegu sem túlkunarlegu tilliti. Nú síðast hljómaði arían á tónleikunum Ungir einleikarar vorið 2019 og var það Harpa Ósk Björnsdóttir sem söng.



Antonín Dvořák

SINFÓNÍA NR. 9 „ÚR NÝJA-HEIMINUM“

Árið 1852 var Antonín Dvořák (1841–1904) liðlega fimmtugur að aldri og langfremsta tónskáld heimalands síns, Tékklands, sem reyndar var enn hluti austurríska keisaradæmisins. Þessi slátrasonur ættaður frá smáborpi í Bæheimi var nú orðinn stjarna í tónsmíðaheiminum á alþjóðavísu en hann þótti öðrum fremur hafa náð uppfylla draumsýn rómantísku hreyfingarinnar í tónlist með því að flétta kjarnann í þjóðlegri tónlistarhefð heimalandsins við íburð og ægifygurð hins vestræna, símfóníska forms. Dvořák gegndi stöðu prófessors við tónlistarháskólann í Prag og undi hag sínum vel – og þar hefði hann eflaust unað sér áfram ef ekki hefði verið fyrir framtakssemi og sannfæringarkraft bandarískrar auðkonu að nafni Jeanette Meyers Thurber.

Jeanette Thurber lét margt gott af sér leiða í krafti auðæfa sinna sem til voru komin vegna matvöruverslanaveldis eiginmanns hennar. Meðal þess sem hún tók sér fyrir hendur var að stofna tónlistarháskóla, *National Conservatory for Music in America*, þann fyrsta sinnar tegundar í Bandaríkjunum. Skólinn þjáfaði ekki aðeins tónlistarfólk í fremstu röð heldur starfaði eftir þeirri róttæku stefnu að veita konum, svörtu fólk, fólk af frumbyggjaættum og fötluðu fólk tækifæri og styrki til náms. Thurber var á þeirri skoðun að Bandaríkin ættu að þroska sinn eigin tónlistararf og eignast eigin rödd frekar en að horfa ævinlega til Vestur-Evrópu. Kannski var það einmitt þess vegna sem hún leitaði til Dvořáks og bað hann að koma til að veita þessari nýstofnuðu menntastofnun forstöðu. Dvořák hikaði lengi en lét að lokum til leiðast – og hafði þar ef til vill sitt að segja að Thurber gat boðið honum tuttugu og fimmföld árslau hans sem prófessors í Prag.

Dvořák dvaldi í New York ásamt konu sinni og tveimur elstu börnum í þrjú ár, frá 1892-1895, eða þangað til heimpráin varð ævintýragirninni yfirsterkari. Hann kunn

Sinfóníuhljómsveit Íslands hefur leikið 9. símfóníu Dvořáks eigi sjaldnar en 20 sinnum. Victor Urbancic stjórnaði henni fyrstur manna á Íslandi í Þjóðleikhúsinu 1951, en síðan hafa m.a. haldið um sprotann þeir Václav Smetáček (1960), Eduard Fischer (1973), Rafael Frübeck de Burgos (1980), JeanPierre Jacquillat (1984 og 1986) og Osmo Vänskä (m.a. í Bandaríkjaferð hljómsveitarinnar 1996).

vel við sig í kraftmiklu tónlistarlífi Manhattan og saug í sig áhrif úr tónlistarhefð Bandaríkjanna – sýndi svo ekki varð um villst að ættjarðarást, víðsýni og virðing fyrir menningu annarra getur vel farið saman. Dvořák fannst bandarísk tónskáld eiga mikið ógert við nýta sér sinn þjóðlega tónlistararf og þá einkum tónlist svartra bandaríkjanna og bandaríkjanna af frumbyggjaættum. „Í sálum svartra bandaríkjanna finn ég allt sem þarf fyrir mikla og göfuga tónlistarhefð,“ skrifaði hann meðal annars í beinskeyttri blaðgrein í New York Herald 1893. Það var um þetta leyti sem Dvořák lauk við Sinfóníu númer 9 og var hún frumflutt í Carnegie Hall sama ár.

Sinfónían er stórbrotið verk í fjórum köflum þar sem áhrifa beggja heima gætir – á seinni árum hafa margir bent á að þrátt fyrir framandi áhrif vegi ást Dvořák á alþýðlegu tónmáli sveitafólksins heima í Bæheimi enn þyngra. Sinfónían hefst á hægum inngangi sem umhverfist síðan í dramatískt *Allegro*. Síðara aðalstef kaflans minnir um margt á þekkt stef úr tónlist svartra Bandaríkjanna, *Swing Low, Sweet Chariot*, og er gjarnan nefnt sem dæmi um áhrifin sem sú tónlist hafði á tónskáldið. Annað slíkt stef er að finna í öðrum þættinum – það er undurblíð og hrífandi laglína leikin á enskt horn. Hún hefur raunar öðlast sjálfstætt líf sem einskonar sálmur undir nafninu *Goin' Home*. Þriðja þáttinn sagði tónskáldið innblásið af dansi og brúðkaupsfögnuði frumbyggjaþjóðarinnar í söguljóði Longfellows um indjánadrengrinn Hiawatha, en þetta kraftmikla *scherzo* minnir þó vestræn eyru einna helst á níundu sinfóníu Beethovens. Hinn glæsilegi lokakafli fléttar nýjum stefnum saman við þau sem þegar hafa heyrst af mikilli list og bindur sannfærandi lokahnút á þetta margþætta meistaraverk.

Halla Oddný Magnúsdóttir

Ach ich liebte, war so glücklich
Úr „Die Entführung aus dem Serail“

Ach ich liebte, war so glücklich,
kannte nicht der Liebe Schmerz.
Schwur ihm Treue, dem Geliebten,
gab dahin mein ganzes Herz!

Doch wie schnell schwand meine Freude,
Trennung war mein banges Los;
und nun schwimmt mein Aug' in Tränen,
kummer ruht in meinem Schoß.

*Johann Gottlieb Stephanie vann upp úr
óperettutexta eftir Christoph Friedrich Bretzner*

Glitter and Be Gay
Úr „Candide“

Glitter and be gay,
That's the part I play:
Here I am in Paris, France,
Forced to bend my soul
To a sordid role,
Victimized by bitter circumstance.
Alas for me!
Had I remained beside my lady mother,
My virtue had remained unstained
Until my maiden hand was gained
By some Grand Duke or other.
Ah, 'twas not to be;
Harsh necessity
Brought me to this gilded cage.
Born to higher things,
Here I droop my wings,
Singing of a sorrow
Nothing can assuage.
And yet, of course, I rather like to revel, ha, ha!
I have no strong objection to champagne, ha, ha!
My wardrobe is expensive as the devil, ha, ha!
Perhaps it is ignoble to complain.
Enough, enough
Of being basely tearful;

Æ, ég elskaði, var svo hamingjusöm
Úr „Brottnáminu úr kvennabúrinu“

Æ, ég elskaði, var svo hamingjusöm,
þekkti ekkert til ástarsársauka.
Ég sór tryggð honum sem ég elskaði.
gaf frá mér allt hjarta mitt!

En hve fljótt hvarf gleði mín,
aðskilnaður var óttaslegið hlutskipti mitt;
og nú flóa augu mín í tárur,
harmur býr mér í hrjósti.

Að glitra og sýnast glaðvær
úr „Birtíngi“

Að glitra og sýnast glaðvær,
það er hlutverkið sem ég leik;
hér er ég í París, Frakklandi,
og neyðist til að sveigja sálu mína
að sóðalegu hlutskipti,
fórnarlamb biturra aðstæðna.
Aumingja ég!
Hefði ég verið áfram hjá móður minni hágófgri,
þá hefði dyggð mín haldizt óflekkud
þangað til einhver stórhertoginn
hefði öðlazzt meyarhönd mína.
Æ, það átti ekki að verða;
nöpur nauðsyn fann mér stað
í þessu gyllta búi.
Ég var borin til æðra hlutskiptis,
hér daprast mér flugið
er ég syng um sorg
sem ekkert getur sefað.
Auðvitað þykir mér þó gott að skemmta mér, ha, ha!
Ég hef svo sem ekkert á móti kampavíni, ha, ha!
Fötin mín eru skrattanum dýrari, ha, ha!
Kannski er lítilmótlegt að kvarta.
Nú er nóg komið
af að liggja í táraflóði;

I'll show my noble stuff
By being bright and cheerful.
Ha ha ha ha ha! *etc.*

Pearls and ruby rings.
Ah, how can worldly things
take the place of honor lost?
Can they compensate
For my fallen state,
Purchased, as they were,
At such an awful cost?
Bracelets ... lavalieres ...
Can they dry my tears?
Can they blind my eyes to shame?
Can the brightest brooch
Shield me from reproach?
Can the purest diamond purify my name?
And yet, of course, these trinkets are endearing, ha, ha!
I'm Oh, so glad my sapphire is a star, ha, ha!
I rather like a twenty carat earring, ha, ha!
If I'm not pure at least my jewels are!
Enough, enough!
I'll take their diamond necklace,
And show my noble stuff
By being gay and reckless!
Ha ha ha ha ha! *etc.*

Observe, how bravely I conceal
The dreadful, dreadful shame I feel.
Ha ha ha ha ha! *etc.*

Richard Wilbur

ég skal sýna mitt tigna eðli
með því að vera hress og kát.
Ha ha ha ha ha! o. s. frv.

Perlur og rúbínhringir,
æ, hvernig geta veraldlegir hlutir
komið í stað glataðs heiðurs?
Geta þeir vegið upp á móti
syndafalli mínu,
úr því að þeir voru, ef svo má segja,
keyptir svona ógurlegu verði?
Armbönd ... men ...
geta þau þurrkað tár mín?
Geta þau lokað augum mínum fyrir skömminni?
Getur skærasta barmnæla
verndað mig gegn ámæli?
Getur hreinasti demantur hreinsað nafn mitt?
Og þó er þetta glingur auðvitað ósköp indælt, ha, ha!
Ég er svo glöð að safírinn minn er stjarna, ha, ha!
Ég hef ekkert á móti tuttugu karata eyrnalokki, ha, ha!
Ef ég er ekki hrein eru skartgripirnir mínir það!
Nú er nóg komið!
Ég skal þiggja demantshálsfestina þeirra
og sýna mitt tigna eðli
með því að vera kát og fifldjörfl!
Ha ha ha ha ha! o. s. frv.

Sjáið með hvílíku hugrekki mér tekst að dylja
þá hræðilegu, hræðilegu smán sem ég finn til.
Ha ha ha ha ha! o. s. frv.

Íslenzkar þýðingar gerði Reynir Axelsson

Sinfóníuhljómsveit Íslands 2022

1. fiöla

Vera Panitch
Ari Þór Vilhjálmsson
Rannveig Marta Sarc
Zbigniew Dubik
Pálína Árnadóttir
Sigrún Harðardóttir
Hildigunnur Halldórsdóttir
Bryndís Pálsdóttir
Andrzej Kleina
Júlíana Elín Kjartansdóttir
Margrét Kristjánsdóttir
Geirprúður Ása Guðjónsdóttir
Laura Liu
Ragnheiður Ingunn
Jóhannsdóttir

2. fiöla

Gunnhildur Daðadóttir
Margrét Þorsteinsdóttir
Greta Guðnadóttir
Gróa Margrét Valdímarsdóttir
Páll Palomares
Justyna Bidler
Þórdís Stross
Hekla Finnsdóttir
Dóra Björgvinsdóttir
Sigurlaug Eðvaldsdóttir
Ólöf Þorvarðsdóttir
Hlín Erlendsdóttir

Víóla

Þórunn Ósk Marinósdóttir
Þórarinn Már Baldursson
Eyjólfur Bjarni Alfreðsson
Guðrún Hrund Harðardóttir
Anna Elísabet Sigurðardóttir
Svava Bernharðsdóttir
Herdís Anna Jónsdóttir
Guðrún Þórarinsdóttir
Sarah Buckley
Fidel Atli Quintero Gasparsson

Selló

Sigurgeir Agnarsson
Sigurður Bjarki Gunnarsson
Urh Mrak
Bryndís Halla Gylfadóttir
Guðný Jónasdóttir
Helga Björg Ágústsdóttir
Margrét Árnadóttir
Hrafnkell Orri Egilsson

Bassi

Xun Yang
T.C. Fitzgerald
Þórir Jóhannsson
Hávarður Tryggvason
Richard Korn
Gunnlaugur Torfi Stefánsson
Jacek Karwan

Flauta

Yuri Guccione
Áshildur Haraldsdóttir
Martial Nardeau

Óbó

Julia Hantschel
Peter Tompkins
Matthías Nardeau

Klarínnett

Arngunnur Árnadóttir
Rúnar Óskarsson

Fagott

Bryndís Þórsdóttir
Hrafn Marinó Thorarensen
Brjánn Ingason

Horn

Stefán Jón Bernharðsson
Claudio Fluckiger
Emil Friðfinnsson
Joseph Ognibene
Constantin Glaner

Trompet

Einar Jónsson
Eiríkur Örn Pálsson
Guðmundur Hafsteinsson

Básúna

Sigurður Þorbergsson
Carlos Aguilera

Bassabásúna

David Bobroff

Túba

Nimrod Ron

Harpa

Katie Buckley
Elísabet Waage

Píanó

Mathias Halvorsen

Celesta

Mathias Halvorsen

Orgel

Helga Bryndís Magnúsdóttir

Pákur

Soraya Nayyar

Slagverk

Steeff van Oosterhout
Frank Aarnink
Eggert Pálsson
Kjartan Guðnason

Tækni á sviði

Lárus H. Grímsson

Lára Sóley Jóhannsdóttir
framkvæmdastjóri
Halla Oddný Magnúsdóttir
listrænn ráðgjafi
Valdís Þorkeldsdóttir
viðburða- og skipulagsstjóri
Jökull Torfason
verkefnastjóri viðburða
Hjördís Ástráðsdóttir
fræðslustjóri

Margrét Ragnarsdóttir
markaðs- og kynningastjóri
Kristín Björg Björnsdóttir
markaðsfulltrúi
Dagrún Hálfánardóttir
mannauðsstjóri
Svanhvít Hrólfsdóttir
fjármálastjóri

Kristbjörg Clausen
nótnavörður
Hrafnhildur Árnadóttir Hafstað
umsjónarmaður nótna
Sigþór J. Guðmundsson
verkefnastjóri sviðs- og tæknimála
Guðmundur Andrés Erlingsson
sviðs og tæknimaður

Á döfinni

29.09 FIMMTUDAGUR
Kl. 19:30



Eva stjórnar Vorblóti

Flutningur Vorblóts eftir Stravinskíj telst ávallt stórviðburður hér á landi en verkið er meðal dádustu hljómsveitarverka 20. aldar og um leið eitt hið áhrifamesta. Þannig kallaði tónskáldið og hljómsveitarstjórinn Pierre Boulez það „fæðingarvottorð nútímatónlistar“. Í verkinu er lýst fornri helgiathöfn þar sem ein úr hópi ungra meyja er valin til að dansa sig til dauða – og tryggja þannig komu vorsins. Vorblót er kraftmikill lokahnykkur á efnisskrá þessara tónleika, þar sem fyrri hlutinn hverfist um glæsilega fulltrúa íslenskrar samtímatónlistar.

Anna Þorvaldsdóttir er í hópi áhrifamestu tónskálda samtímans og verk hennar eru flutt af fremstu hljómsveitum heims, þar á meðal CATAMORPHOSIS sem var pantað af Berlínarfílharmóníunni, Fílharmóníusveitinni í New York, Sinfóníuhljómsveitinni í Birmingham og Sinfóníuhljómsveit Íslands. Verkið var frumflutt í Berlín í janúar 2021 og hefur farið sigurför um heiminn. Kirill Petrenko, aðalhljómsveitarstjóri Berlínarfílharmóníunnar, lýsti einmitt verkinu sem „stórkostlegu“.

30.09 FÖSTUDAGUR
Kl. 18:00



Skógarkyrrð með Sæunni

Á þessum tónleikum í Föstudagsröð Sinfóníunnar leiðir Sæunn Þorsteinsdóttir staðarlistamaður áheyrendur í spennandi óvissuferð um heillandi hljóðheim sellósins á klukkustundarlöngum tónleikum í Norðurljósum. Með Sæunni leika sellóleikarar úr Sinfóníuhljómsveit Íslands en um tónsprotann heldur staðarhljómsveitarstjóri hljómsveitarinnar, Nathanaël Iselin. Efnisskráin rúmar meðal annars *Skógarkyrrð* Dvořáks, glænýtt einleiksverk fyrir selló eftir Veronique Vöku og hið grípandi og kraftmikla verk Pierre Boulez *Messagesquise* fyrir einleiksselló og sex meðleiksselló.



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

Áskrift að upplifun

TÓNLEIKARAÐIR
2022 | 2023

Nýtt starfsár Sinfóníuhljómsveitar Íslands er perlum og stjörnum prýtt – boðið er upp á sex ólíkar tónleikaraðir á starfsárinu 2022-2023. Þú getur komið í áskrift að þeirri tónleikaröð sem höfðar mest til þín og valið þér sæti í Eldborg, eða keypt Regnbogakort sem gefur þér kost á að setja saman tónleikaröð eftir eigin höfði.

Áskrift að tónleikaröðum og Regnbogakorti veitir
20% afslátt af almennu miðaverði.

Nánari upplýsingar í miðasölu
Hörpu og á sinfonia.is.

SINFONIA.IS